

Eftirlit með sameiningu ríkisstofnana *Spurningalisti**

A. Markmið með sameiningu

1. Hver eru rökin fyrir sameiningu?
2. Hver er framtíðarsýn og markmið fyrir sameinaða stofnun/verkefni?
3. Hvaða meginbreytingar verða á þjónustu og forgangsroðun verkefna frá því sem áður var?
4. Hvaða mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á árangur sameiningar?

B. Fjárhagslegt mat

5. Hefur farið fram fjárhagslegt mat á sameiningu stofnana/verkefni?
6. Hver eru fjárhagslegu markmiðin og hvernig á að ná þeim?
 - i. fækka starfsfólki?
 - ii. samnýta húsnæði, tæki o.s.frv?
 - iii. annað – hvað?
7. Hefur verið gerð rekstraráætlun fyrir sameinaða stofnun/verkefni:
 - i. Fyrir fyrsta rekstrarárið?
 - ii. Langtímaáætlun (3-5 ára)?
8. Hver er áætlaður heildarkostnaður við sameininguna?

C. Stjórnun sameiningar

9. Er búið að skipa í stýrihóp og ráða verkefnisstjóra?
10. Hafa umboð og ábyrgð lykilaðila í sameiningarferlinu verið skilgreind formlega? Hvernig?
11. Liggur fyrir hvernig staðið verður að miðlun upplýsinga meðal lykilaðila sameiningar?

D. Samrunaáætlun

12. Hefur ráðuneytið samþykkt samrunaáætlun (verk-, tíma-, kostnaðaráætlun)?
 - i. Hvenær er ráðgert að ljúka vinnu við langtímastefnumótun fyrir sameinaða stofnun?
 - ii. Hvenær er ráðgert að ljúka vinnu við nýtt skipurit?
 - iii. Hvenær er ráðgert að ljúka verklagsreglum fyrir meginþætti starfseminnar (t.d. innkaup)?
13. Er ráðgert að endurskoða samrunaáætlunina reglulega? Hversu oft?
14. Hverjar eru helstu áhættur í sameiningarferlinu?
 - i. Til hvaða ráðstafana verður gripið til að fyrirbyggja að sameiningin mistakist?
15. Hvaða aðgerðir verður ráðist í til að tryggja öflugna vinnustaðamenningu í sameinaðri stofnun?
16. Hefur verið gerð kynningaráætlun? Hvernig hefur sameiningin verið kynnt hingað til?

E. Annað

17. eru önnur atriði sem ráðuneytið vill koma á framfæri varðandi sameininguna?

*Getur tekið breytingum.